

29. apríl 1994

641

Nr. 222

REGLUGERÐ um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með 3. maí 1994 til og með 10. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast af eftirtöldum punktum:

- | | |
|------------------------|----------------------|
| 1. 63°32,5'N - 21°55'V | 5. 63°14'N - 20°56'V |
| 2. 63°30'N - 21°30'V | 6. 63°14'N - 22°00'V |
| 3. 63°25'N - 21°30'V | 7. 63°24'N - 22°00'V |
| 4. 63°21'N - 20°48'V | |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

29. apríl 1994

Nr. 223

VIÐAUKI við reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. er bátum er leyfi hafa til rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi heimilt að stunda rækjuveiðar til og með 4. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.